

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur mánudaginn 12. apríl 2021

Mál nr. S-7013/2020:

## Ákærvaldið

(Elísabet Rán Andrésdóttir saksóknarfulltrúi)

## gegn

**Erni Steinari Arnarsyni**

(Þormóður Skorri Steingrímsson lögmaður)

## Dómur

### I.

#### Ákæra, dómkröfur, o.fl.:

Mál þetta, sem dómtekið var 16. mars 2021, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 22. október 2020, á hendur Erni Steinari Arnarsyni, kt. [...], [...], [...], „fyrir líkamsárás og hættubrot, með því að hafa mánudaginn 22. október 2018 á bifreiðastæði framan við verslunina Þ. Þorgrímsson & co í Ármúla 29 í Reykjavík, veist með ofbeldi að A, kennitala [...], þar sem hann sat sem ökumaður í bifreið sinni [...] og slegið hann tvisvar sinnum í andlitið og tekið hann kverkataki í gegnum opna bílrúðu, og fyrir að hafa, stuttu síðar, eftir að A hafði farið út úr bifreiðinni og tekið sér stöðu framan við bifreið ákærða, ekið bifreið sinni greitt að A með þeim afleiðingum að hann féll í götuna. Með akstrinum stofnaði ákærði lífi og heilsu A á ófyrirleitinn hátt í augljósan háska og afleiðingar alls þessa voru þær að A hlaut þreifiefmsli, mar og yfirborðsáverka á hálsi, eymsli, bólgu og mar á vinstri kjálka og eymsli á vör, hrufli, skrámur og mar á vinstri hendi, þreifiefmsli yfir vinstri mjöðm og læri, eymsli í baki á mótum brjóst- og lendahryggjar og mar og hrufli á vinstra hné.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakar-kostnaðar.

### *Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 700.000 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 22. október 2018, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga, frá þeim tíma er mánuður er liðinn frá því að krafan er birt ákærða, til greiðsludags. Þá er málskostnaðar krafist að skaðlausu, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum 24% virðisaukaskatti, fyrir að halda fram bótakröfu í málinu, samkvæmt 3. mgr. 176. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.“

Ákæruvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru og hafnar frávísunarkröfu ákærða. Bótakrefjandi gerir sömu kröfu um miskabætur og vexti og greinir í ákæru, auk kröfu um hæfilegan málskostnað að mati dómsins. Ákærði neitar sök og krefst frávísunar ákæru hvað varðar meint brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Að öðru leyti krefst ákærði sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Í öllum tilvikum krefst ákærði þess að einkaréttarkröfunni verði hafnað en að því slepptu að fjárhæð kröfunnar verði lækkuð verulega. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda.

## II.

### **Málsatvik:**

Atvik áttu sér stað að morgni mánudagsins 22. október 2018 á bifreiðastæði framan við verslun að Ármúla 29 í Reykjavík. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var kallað eftir aðstoð lögreglu vegna slagsmála sem voru yfirstaðin á bifreiðastæði framan við umrædda verslun. Lögreglumenn hafi komið á staðinn og hitt tilkynnanda, A, sem fékk réttarstöðu brotþola við meðferð málsins. Föt hans hafi verið blaut, bæði peysa og buxur, sár hafi mátt sjá á höndum hans og hann verið í miklu uppnámi, andað grunnt og ört og röddin titrað. Brotþoli hefði greint frá því að hafa stuttu áður verið að aka bifreið sinni vestur Miklubraut við Ártúnsbrekku þegar nánar tilgreind sendibifreið hefði verið ekið mjög nálægt bifreið hans. Hann hefði skipt um akreín og sendibifreiðinni verið ekið fram úr honum. Brotþoli hefði sýnt öikumanni sendibifreiðarinnar niðrandi fingurmerki og því verið svarað með sama hætti. Þetta hefði leitt til þess að brotþoli ákvað að elta öikumann sendibifreiðarinnar með það í huga að ræða við hann um fyrrgreind atvik.

Þegar komið var inn á bifreiðastæði framan við fyrrgreinda verslun hefði sendibifreiðarstjórinn farið úr bifreið sinni og gengið að bifreið brotþola. Til snarpra orða-

skipta hefði komið á milli þeirra inn um opinn gluggann þar sem brotapolí sat í öku-mannssæti. Sendibifreiðarstjórinn hefði hreytt nánar tilgreindum fúkyrðum í hann og brotapolí svarað með svipuðum hætti. Sendibifreiðarstjórinn hefði því næst tekið brotapolá kverkataki, auk þess að kýla hann að minnsta kosti einu höggi í andlitið. Brotapolí hefði reynt að verjast. Að þessu loknu hefði sendibifreiðarstjórinn gengið á brott og farið að ferma sendibifreiðina en brotapolí hringt eftir aðstoð lögreglu. Brotapolí hefði nokkru síðar tekið sér stöðu fyrir framan bifreiðina til að hindra að henni væri ekið á brott áður en lögreglan kæmi á staðinn. Sendibifreiðarstjórinn hefði virt brotapolá að vettugi og ekið á hann með þeim afleiðingum að hann skall á framenda bifreiðarinnar og hafnaði á malbikinu. Sendibifreiðarstjórinn hefði síðan ekið á brott.

Í frumskýrslunni greinir jafnframt frá því að kallað hafi verið eftir sjúkrabifreið og brotapolí verið fluttur með henni á slysa- og bráðadeild. Lögregla hafi einnig rætt við tvö vitni á staðnum, B og C, sem báðir voru starfsmenn umræddrar verslunar. Vitnin hafi í meginatriðum greint frá atvikum með svipuðum hætti og brotapolí, meðal annars að bifreiðum hefði verið ekið inn á bifreiðastæðið. Þeir hefðu heyrt rifrildi milli sendibifreiðarstjórans og brotapolá og séð brotapolá aka bifreið sinni glannalega um svæðið. Þá hefðu þeir séð sendibifreiðarstjóran teygja sig inn í bifreið brotapolá. Hreyfingar hans hefðu, eins og þær birtust vitnunum, vel getað samrýmst hnefahöggi í andlitið en hvorugt vitnanna kvaðst hins vegar hafa séð sendibifreiðarstjóran taka brotapolá kverkataki. Því næst hefðu vitnin séð brotapolá leggja bifreið sinni fyrir framan sendibifreiðina, líklega í þeim tilgangi að hefta för hans. Þá hefðu vitnin séð brotapolá stökkva til hliðar þegar sendibifreiðinni var ekið af stað og við það hefði brotapolí fallið í götuna.

Í frumskýrslunni greinir enn fremur frá því að athugað hafi verið með skráningu og eignarhald á umræddri sendibifreið. Það hafi leitt til þess að haft var símasamband við skráðan eiganda. Það hafi reynst vera ákærði og hann staðfest í símtalinu að hafa verið umræddur sendibifreiðarstjóri. Hann hafi því fengið réttarstöðu sakbornings. Í símtalinu hefði ákærði meðal annars greint frá fyrrgreindum framúrakstri og eftirför. Einnig að brotapolí hefði ekið glannalega á bifreiðaplani hjá umræddri verslun og verið með ógnandi tilburði, meðal annars spólað um allt planið. Ákærði hefði gengið að bifreið brotapolá og átt snörp orðaskipti við hann. Aldrei hefði komið til handalögmála á milli þeirra og hann aldrei lagt hendur á brotapolá. Því næst hefði ákærði farið að ferma sendibifreiðina en brotapolí fært sína bifreið á planinu og þrengt að sendibifreiðinni. Eftir nokkra stund hefði ákærði náð að aka í burtu. Ákærði hefði ekki kannast við að hafa ekið á brotapolá eða að hann hefði lent á sendibifreiðinni.

Meðal rannsóknargagna er læknisvottorð útgefið af D, sérfræðilækni á slysa- og bráðadeild Landspítala, dags. 4. febrúar 2020, þar sem meðal annars greinir að brotapolí hafi komið á sjúkrahúsið klukkan 09:45 umræddan morgun með sjúkrabifreið. Við

skoðun hafi brotaþoli verið með sjáanlega áverka framanvert á hálsi. Roði og mar hafi verið sitt hvorum megin við barkann neðarlega. Brotaþoli hafi verið aumur yfir vinstra kjálkabarði og vinstri efri vör og væg bólga og mar hafi verið framanvert yfir efri kjálkaboga. Þá hafi hann verið með hrufll og skrámur á vinstri hendi yfir hnúa fimmta fingurs. Einnig hafi verið mar yfir fingrinum sjálfum og upp á handarbakið upp af litla fingri. Ekki hafi verið grunur um brot. Þá hafi brotaþoli fundið fyrir eymslum og verkjum í baki á mótum brjóst- og lendhryggjar. Mar og hrufll hafi verið yfir vinstra hné. Framangreindir áverkar hafi verið í samræmi við lýsingu sem brotaþoli hafi gefið á atvikum. Hann hafi verið með mar og eymsli á hálsi sem gæti samrýmst kverkataki og með aðra áverka dreift um líkamann sem gæti samrýmst því að hann hefði fengið högg á höfuðið og síðan dottið í götuna eftir að keyrt hefði verið á hann. Þá hafi allir umræddir áverkar verið af þeim toga að þeir hafi gengið til baka á nokkrum vikum án varanlegra afleiðinga.

Brotaþoli gaf kæruskýrslu hjá lögreglu 1. nóvember 2018 þar sem hann greindi nánar frá meintum brotum ákærða og öðrum atvikum eins og þau horfðu við honum. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 14. október 2019. Þá gáfu fyrrgreindir verslunarstarfsmenn skýrslu með réttarstöðu vitnis 15. maí 2020.

### III.

#### Skýrslur fyrir dómi:

#### 1.

Ákærði bar meðal annars um að hann hefði verið að aka niður Ártúnsbrekku á vinstri akrein þegar hann lenti fyrir aftan bifreið sem honum hefði fundist að væri ekið of hægt. Brotaþoli hefði verið á þeirri bifreið. Ákærði hefði blikkað framljósunum og með því gefið brotaþola merki um að færa bifreiðina yfir á aðra akrein. Brotaþoli hefði gegnt því en þegar ákærði keyrði fram úr hefði brotaþoli gefið honum niðrandi fingermerki. Ákærði hefði svarað því með sama hætti en við það hefði brotaþoli elt hann inn á bifreiðastæði fyrrgreindrar verslunar. Þegar ákærði hefði stigið út úr bifreið sinni hefði brotaþoli keyrt í áttina að honum á miklum hraða og næstum því keyrt á hann. Brotaþoli hefði verið mjög æstur, skrúfað niður rúðuna á ökumannshurð og hreytt í ákærða alls konar fúkyrðum. Ákærði hefði snögggreiðst og tekið í öxlina á manninum og sagt honum að fara að hugsa sinn gang. Nánar aðspurður um þetta kannaðist ákærði ekki við að hafa rífið í öxlina á brotaþola en hann hefði hins vegar lagt höndina á öxl hans. Brotaþoli hefði síðan stigið út úr bifreiðinni og haldið áfram að öskra á ákærða. Hann hefði ekki haft tíma til að rífast við brotaþola og því vikið frá og farið að ferma sendibifreiðina. Á meðan hefði brotaþoli ekið ógætilega og spólað um bifreiðaplanið.

Eftir að hafa lokið við að ferma sendibifreiðina hefði ákærði fært sig yfir í öku-mannssætið. Hann hefði séð úr bifreiðinni hvar brotaþoli stóð fyrir framan hana og neit-aði að færa sig. Ákærði hefði ekið rólega af stað og brotaþoli þá fært sig til hliðar. Brota-þoli hefði aldrei komið við sendibifreiðina heldur hefði hann stokkið frá henni þegar henni var ekið af stað. Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa veist með ofbeldi að brotaþola, hvorki með því að taka hann kverkataki né heldur með því að slá hann í andlitið. Þá hefði hann aldrei á ævinni slegið nokkurn mann.

## 2.

Brotaþoli bar meðal annars um að hafa umræddan morgun verið að aka á fyrrgreindri akstursleið. Ákærði hefði ekið mjög hratt og komið aftan að bifreið brotaþola og hann verið kominn óeðlilega nálægt. Brotaþoli hefði beðið eftir að komast yfir á aðra akrein og gefið stefnuljós og skipt um akrein. Þegar ákærði hefði ekið fram úr bifreið brotaþola hefði hann sýnt honum niðrandi fingermerki og brotaþoli þá svarað í sömu mynt. Við það hefði ákærði rykkst sendibifreiðinni yfir á þá akrein sem brotaþoli ók á og í veg fyrir hann. Þetta hefði hann gert tvisvar sinnum. Brotaþoli hefði ákveðið að veita ákærða eftir-för og ræða við hann um þetta atvik. Þeirri eftirför hefði lokið á fyrrgreindu bifreiðaplani í Ármúla. Þegar þar var komið hefði brotaþoli keyrt rólega í áttina að sendibifreiðinni og hann skrúfað niður bílrúðuna til að ræða við ákærða. Brotaþoli hefði ekki náð að segja neitt þar sem ákærði hefði strax byrjað að öskra á hann, sagt honum að hann kynni ekki að keyra, barið tvisvar sinnum í bifreiðina og sagt honum með niðrandi hætti að fara burtu. Brotaþoli hefði í fyrstu verið orðlaus og starað á manninn en síðan svarað honum á þá leið að hann ætti ef til vill að skoða það hvernig hann hagaði sér í umferðinni. Við það hefði *geðveikisglampi* komið í augu ákærða og hann teygt sig inn um gluggann og tekið brotaþola hálstaki og kýlt hann í andlitið. Þá kvaðst brotaþoli hafa rankað við sér og tekið til varna með tilteknum hætti. Við það hefði ákærði vikið frá bifreiðinni og kvaðst brotaþoli þá hafa öskrað á ákærða og spurt hvort eitthvað væri að honum. Sami glampi og áður hefði komið í augu ákærða og hann aftur ráðist að brotaþola en hann þá verið tilbúinn og náð að verja sig.

Ákærði hefði því næst vikið frá og gengið að sendibifreiðinni. Brotaþoli hefði að þessu loknu skrúfað upp rúðuna, læst að sér og hringt á lögreglu. Þá hefði hann ákveðið að leggja bifreiðinni með þeim hætti að ákærði gæti ekki ekið á brott meðan beðið væri eftir lögreglu. Brotaþoli hefði einhverju síðar séð til ákærða setjast undir stýri og hann þá stigið út úr bifreiðinni og tekið sér stöðu fyrir framan sendibifreiðina. Hann hefði gefið ákærða merki með hendinni um að aka ekki af stað en ákærði horft í augun á honum. Ákærði hefði síðan ekið af stað, stoppað stutt en síðan gefið í og keyrt á brotaþola. Hann hefði dregist með bifreiðinni og snúist á ökkla. Þá hefði hann kastast af bifreiðinni og

fallið á götuna þegar ákærði tók skarpa beygju út af planinu. Stuttu síðar hefði lögregla komið á staðinn.

Aðspurður kvaðst brotapolí hafa fengið að minnsta kosti tvö högg í andlitið, fyrri höggið hefði farið í vinstra kinnbein en það síðara lent á vinstra gagnauga við eyra. Aðspurður lýsti brotapolí því nánar hvernig ákærði tók hann hálstaki og kvað hann ákærða hafa tekið um hálsinn neðarlega og þrengt að öndunarveginum í um fimm til tíu sekúndur. Kvaðst hann ekki muna hvort ákærði hefði tekið hann því taki með annarri eða báðum höndum en hann minnti að það hefði verið með annarri hendi. Þá kvaðst brotapolí aðspurður hafa staðið vinstra megin eða bílstjóramegin fyrir framan sendibifreiðina og ákærði hefði ekið á hann en ekki í átt að honum. Hann hefði fyrst lent framan á bifreiðinni en svo kastast upp á vélarhlífina en síðan fallið í götuna þegar ákærði tók krappa beygju út af planinu. Brotapolí hefði óttast mjög um líf sitt og sérstaklega eftir það sem á undan var gengið. Brotapolí kvaðst ekki kannast við að hafa verið æstur og þá kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa ekið glannalega um bifreiðaplanið. Hann hefði alls ekki verið að ögra ákærða og aðeins hefði vakað fyrir honum að ræða við hann.

### 3.

Vitnið B verslunarstarfsmaður bar meðal annars um að hafa umræddan morgun verið við störf í geymslu téðrar verslunar. Vitnið hefði heyrt í bifreiðum koma akandi inn á planið og honum fundist báðir öikumenn aka ógætlega. Vitnið hefði heyrt rifrildi utandyra og farið fram í dyr og séð ákærða fyrir framan bifreið brotápola. Bifreiðinni hefði verið spólað í átt að ákærða. Vitnið hefði heyrt ákærða segja við brotápola *ertu eitthvað klikkaður*. Vitnið hefði síðan séð til ákærða fara að bifreiðinni og að því er virtist gefa brotápola hnefahögg inn um gluggann þar sem hann sat í öikumannssæti. Vegna staðsetningar hefði vitnið ekki séð þetta nákvæmlega en honum fundist líkamstjáníng ákærða, eða hvernig hann hreyfði sig, vera eins og hann væri að kýla inn um gluggann. Nánar um þessi atvik kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða taka brotápola kverkatakí. Vitnið hefði eftir þetta farið að aðstoða ákærða við að ferma sendibifreiðina á planinu. Brotapolí hefði komið að þeim og lagt bifreið sinni fyrir framan sendibifreiðina. Vitnið hefði einhverju síðar staðið fyrir aftan sendibifreiðina og séð þegar henni var ekið af stað. Þá hefði vitnið stuttu síðar séð brotápola stökkva til hliðar frá sendibifreiðinni og falla á götuna. Nánar um þetta kvaðst vitnið ekki hafa séð brotápola standa fyrir framan sendibifreiðina í aðdraganda þess að hann féll á götuna. Vitnið hefði aðeins séð brotápola stökkva til hliðar, eins og hann væri að hörfa undan bifreiðinni. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða keyra sendibifreiðinni á brotápola en bifreiðinni hefði hins vegar verið ekið greitt og viðstöðulaust af stað.

4.

Vitnið C verslunarstarfsmaður bar meðal annars um að hafa umræddan morgun verið við störf í geymslu fyrrgreindrar verslunar. Hann hefði því ekki séð þegar bifreiðunum var ekið inn á planið. Vitnið hefði heyrt rifrildi fyrir utan og þess vegna komið út úr húsnæðinu. Hann hefði séð hvar ákærði var með hendurnar inni í bifreið brotaþola. Ekki hefði sést hvað ákærði var að gera en vitninu fundist hreyfingarnar vera eins og ákærði væri að slá brotaþola inn um opinn gluggann. Vitnið hefði síðan farið að sinna sínu starfi á lyftara og aðstoðað við að ferma sendibifreiðina. Að loknu því verki hefði vitnið verið á lyftaranum fyrir aftan sendibifreiðina og séð þegar henni var ekið frekar hratt af stað. Aðspurður kvaðst vitnið hvorki hafa séð ákærða kýla brotaþola né heldur taka hann hálstaki. Þá kvaðst vitnið heldur ekki hafa séð brotaþola standa fyrir framan bifreiðina eða að ákærði hefði keyrt á brotaþola. Kvaðst vitnið hafa séð brotaþola stökkva frá bifreiðinni og rúlla svo fram hjá henni á bifreiðaplaninu. Brotaþoli hefði verið frekar æstur en ákærði verið rólegur.

5.

Vitni, lögreglumaður nr. E, staðfesti frumskýrslu og bar meðal annars um að lögregla hefði verið send í útkall að umræddu bifreiðaplani vegna tilkynningar sem barst um yfirstaðin slagsmál. Brotaþoli hefði verið á staðnum, föt hans verið blaut og hann verið í uppnámi, ofandað og snökt en síðan jafnað sig fljótt. Þá hefði brotaþoli verið með áverka á höndum og lófum, auk þess sem áverkar hefðu virst vera að koma fram í andliti.

6.

Vitni, rannsóknarlögreglumaður nr. F, bar meðal annars um að hafa verið sendur í umrætt útkall ásamt fyrrgreindum lögreglumanni. Vitnið hefði hitt brotaþola sem hefði greint frá því að hafa verið tekinn hálstaki, kýldur, auk þess sem keyrt hefði verið á hann. Brotaþoli hefði verið í blautum fötum, verið í uppnámi, grátið og verið lítill í sér. Þá hefði vitnið rætt við tvö vitni á staðnum, fyrrgreinda verslunarstarfsmenn.

7.

Vitnið D lækni gaf skýrslu símleiðis og staðfesti og gerði grein fyrir efni fyrrgreinds læknisvottorðs og áverkum á brotaþola. Vitnið kvaðst hafa sinnt brotaþola við komu á bráðamóttöku. Hann hefði verið með sjáanlega áverka á hálsi, verið aumur yfir vinstra kjálkabardi og með væga bólgu vinstra megin í andlitinu, á efri vör og á kjálkaboga. Þá hefði hann verið með sár og hrufi á höndum, auk þess að vera aumur yfir vinstri mjöðm og með verki sem leiddi upp í bak. Aðspurður kvað vitnið áverkana samrýmast þeirri frásögn brotaþola að hann hefði fengið hnefahögg í andlit og verið tekinn kverkataki með hendi. Þá gætu aðrir dreifðir áverkar á líkamanum samrýmst því að brotaþoli hefði dottið

í götuna eftir ákeyrslu. Áverkarnir hefðu verið nýlegir en sumir þeirra ekki verið alveg komnir fram. Þá hefðu þeir verið af þeim toga að brotaþoli hefði jafnað sig á þeim á stuttum tíma.

#### IV.

##### **Niðurstöður:**

Við aðalmeðferð krafðist ákærði frávísunar á þeim hluta ákæru er varðar meint brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þar sem verknaðarlýsing ákæru samrýmdist ekki nægjanlega framburði brotaþola um atvik. Var á því byggt að ákæran uppfyllti ekki skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 þar sem brotaþoli hefði borið um það hjá lögreglu og fyrir dómi að ákærði hefði ekið á hann en ekki að honum eins og því væri lýst í ákæru.

Fyrir liggur að ákæruvaldið hefur talið framlögð rannsóknargögn nægileg til að meta skilyrði málshöfðunar og lagt grundvöll málsins með útgáfu ákæru, sbr. 1. mgr. 53. gr., 2. mgr. 57. gr., 145. gr. og 152. gr. laga nr. 88/2008. Ljóst er af rannsóknargögnum að skýrslur tveggja vitna, auk áverkavottorðs og annarra lögregluskýrslna, lágu í meginatriðum til grundvallar útgáfu ákæru, til viðbótar skýrslu brotaþola. Fyrrgreind vitni báru ekki um þessi atvik með sama hætti og brotaþoli hjá lögreglu og verður ráðið að ákæruvaldið hafi tekið tillit til þess þegar verknaðarlýsing var tekin saman við útgáfu ákæru. Er hér fyrst og fremst um að ræða atriði sem lýtur að efnisúrlausn málsins. Þá verður á engan hátt séð að vörnum ákærða fyrir dómi hafi verið áfátt, eins og hér stendur á. Verður því ekki fallist á kröfu ákærða um frávísun málsins frá dómi.

Ákærði neitar sök. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Ákærði reisir sýknukröfu sína á því að verknaðarlýsing í ákæru sé ósönnuð og hafnar hann bótaskyldu.

Hvað varðar meinta líkamsárás þá liggur fyrir að ákærði kannast við að hafa farið með hönd sína inn um opinn gluggann á bifreið brotaþola eftir stutt rifrildi þeirra á milli. Nánar tiltekið bar ákærði um þennan hluta atvika að hann hefði aðeins lagt hönd sína á öxl brotaþola. Brotaþoli bar hins vegar um að ákærði hefði slegið sig tvívegis vinstra megin í andlitið og gripið um kverkar hans. Er þannig ljóst að talsvert ber á milli í framburði þeirra um það hvað gerðist í umrætt skipti. Þegar litið er til framburðar vitnanna B

og C, sem báru báðir um handarhreyfingu ákærða inn um gluggann, eins og hann væri að veita brotþola hnefahögg, er ljóst að framburður ákærða um að hann hafi aðeins lagt höndina á öxl brotþola fær vart staðist. Framburður vitnanna styður því framburð brotþola, að minnsta kosti um að hann hafi verið sleginn tvisvar sinnum í andlitið. Hvorugt þessara vitna bar þó um að hafa séð til ákærða eins og hann væri að taka brotþola kverkataki. Af framburði þeirra verður hins vegar ráðið að þau hafi aðeins séð hluta af þessum atvikum. Við sönnunarmatið verður einnig að líta til þess að rannsóknarlögreglumaður nr. F bar um það að brotþoli hefði þegar í upphafi málsins, þegar lögreglan kom á staðinn, greint frá því að hafa verið sleginn í andlitið, auk þess að hafa verið tekinn kverkataki. Þá bar sami rannsóknarlögreglumaður, auk lögreglumanns nr. E, að brotþoli hefði verið í geðshræringu þegar rætt var við hann. Að mati dómsins styður þetta framburð brotþola um fyrrgreind hnefahögg og að hann hafi verið tekinn kverkataki. Þessu til viðbótar liggur fyrir vottorð og framburður fyrrgreinds læknis um að áverkar á andliti brotþola gætu samrýmst því að hann hefði verið sleginn vinstra megin í andlitið, auk þess sem áverkar á hálsi gætu samrýmst kverkataki. Verður í þessu samhengi einnig að líta til þess að brotþoli komst undir læknishendur stuttu eftir meint atvik og er því ekkert annað sem getur skýrt fyrrgreinda áverka. Að öllu framangreindu virtu þykir, gegn neitun ákærða, lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi veist með ofbeldi að brotþola, þar sem hann sat í bifreiðinni, með því að slá hann tvisvar í andlitið og taka hann kverkataki, eins og greinir í ákæru.

Hvað varðar meint hættubrot þá kannaðist ákærði við að hafa séð brotþola standa fyrir framan bifreiðina og neita að færa sig. Þá bar ákærði um að hann hefði ekið rólega fram hjá brotþola án þess að snerta hann og brotþoli fært sig til hliðar þegar það átti sér stað. Brotþoli lýsti þessum atvikum hins vegar með þeim hætti að ákærði hefði keyrt á hann og við það hefði hann dregist með bifreiðinni. Þá hefði hann kastast af bifreiðinni og fallið á götuna þegar ákærði tók skarpa beygju út af planinu svo meiðsli hlutust af. Framburður brotþola um þessi atvik var að mestu leyti af svipuðum toga og hann greindi frá hjá lögreglu. Vitnin B og C báru bæði um að hafa séð þegar ákærði ók sendibifreiðinni greitt af stað og þá báru þeir um að hafa séð brotþola stökkva til hliðar frá bifreiðinni og síðan falla á götuna. Af framburðum þessara vitna verður hins vegar ráðið að hvorugur þeirra hafi séð með skýrum hætti hvað gerðist fyrir framan bifreiðina þegar henni var ekið af stað, hvar brotþoli var staðsettur þegar það gerðist eða hvernig það atvikaðist að öðru leyti að hann lenti á götunni. Er því óljóst miðað við það sem fram er komið hvernig þessi atvik voru í raun og veru, auk þess sem verknaðarlýsing ákæru um þessi meintu atvik samrýmst ekki nægjanlega framburði brotþola. Verður ákæruvaldið að bera hallann af þessu við úrlausn málsins. Þegar að þessu virtu þykir gegn neitun ákærða ekki komin fram lögfull sönnun fyrir því að ákærði hafi ekið bifreiðinni greitt að brotþola

með þeim afleiðingum að hann féll á götuna og með því stofnað lífi hans og heilsu á ófyrirleitinn hátt í augljósan háska, eins og greinir í ákæru.

Hvað varðar líkamlegar afleiðingar þá liggur fyrir að dómurinn hefur talið sannað að ákærði hafi slegið brotaþola tvisvar sinnum í andlitið og tekið hann kverkataki. Að þessu virtu og með hliðsjón af fyrirliggjandi læknisvottorði og framburði fyrrgreinds lækni fyrir dómi verður að telja að lögfull sönnun hafi tekist fyrir því að ákærði hafi með þessu valdið brotaþola þreifieymslum, mari og yfirborðsáverka á hálsi, eymsli, bólgu og mari á vinstri kjálka og eymsli á vör, eins og greinir í ákæru, og verða þeir áverkar virtir ákærða til sakar. Hvað aðra áverka varðar, sem greinir í ákæru, og með vísan til þess sem áður greinir um úrslit málsins hvað varðar meint hættubrot þá þykir lögfull sönnun ekki hafa tekist fyrir því að þeir áverkar verði virtir ákærða til sakar.

Að öllu framangreindu virtu, miðað við það sem telst sannað, verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga en sýknaður af broti gegn 4. mgr. 220. gr. sömu laga.

Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að ákærði er fæddur í [...] og samkvæmt sakavottorði, dags. 21. október 2020, hefur hann ekki áður gerst brotlegur við refsilög. Horfir þetta til málsbóta, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Til refsipýngingar horfir að verkið beindist gegn mikilvægum verndarhagsmunum brotaþola og tjón varð af verkinu, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. sömu lagagreinar. Verulegar tafir hafa orðið á meðferð málsins sem eru ákærða óviðkomandi og verður litið til þess við ákvörðun refsingar. Að öllu framangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjátíu daga daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnu einu ári frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Við úrlausn á kröfu um miskabætur ber að líta til þess að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Eru því ekki efni til að vísa bótakröfunni frá dómi. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði með ólögætum og saknæmum hætti bakað sér skaðabótaábyrgð. Brotaþoli á því rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. síðari breytingar. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir hinu gagnstæða. Minni háttar líkamstjón varð af verkinu. Miskabætur verða, eins og hér stendur á, ákveðnar að álitum og með hliðsjón af dómvenju, 200.000 krónur, og verður ákærða gert að greiða brotaþola þá fjárhæð með vöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta miðast við 14. nóvember 2019 en þá var liðinn mánuður frá því að ákærða var sannanlega kynnt bótakrafan við skýrslutöku hjá lögreglu. Brotaþoli á tilkall til málskostnaðar úr hendi ákærða vegna bótakröfunnar, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn 300.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og verður ákærða gert að greiða brotaþola þá fjárhæð.

Með hliðsjón af framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar. Til þess kostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þormóðs Skorra Steingrímssonar lögmanns, vegna málsvarnar fyrir dómi, sem þykja, út frá eðli og umfangi máls, hæfilega ákveðin 700.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Til sakarkostnaðar teljast einnig útgjöld lögreglu vegna öflunar læknisvottorðs, 47.000 krónur, sbr. yfirlit ákærvaldsins. Vegna úrslita málsins verður ákærði dæmdur til að greiða helming framangreinds sakarkostnaðar til ríkissjóðs, eða samtals 373.500 krónur, en helmingur kostnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Elísabet Rán Andrésdóttir saksóknarfulltrúi. Af hálfu bótakrefjanda flutti málið Guðmundur Sæmundsson lögmaður.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 1. janúar 2021 en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

#### **D ó m s o r ð :**

Frávísunarkröfu ákærða, Arnar Steinars Arnarsonar, er hafnað.

Ákærði sæti fangelsi í þrjátíu daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnu einu ári frá deginum í dag að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A 200.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðbætur frá 22. október 2018 til 14. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, auk 300.000 króna í málskostnað.

Ákærði greiði samtals 373.500 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs, og er þar innifalinn helmingur málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans, Þormóðs Skorra Steingrímssonar lögmanns, sem í heild nema 700.000 krónum með virðisaukaskatti, og helmingur af öðrum útgjöldum ákærvaldsins sem í heild nema 47.000 krónum. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Daði Kristjánsson